



**Fundargerð 9. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 13. febrúar 2014, kl. 9:00 í Eldey, Ásbrú í Reykjanesbæ.**

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Guðlaugur H. Sigurjónsson, Berglind Kristinsdóttir, Áseir Margeirsson, Magnús Stefánsson, Ásgeir Eiríksson, Sævar Baldursson, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Puriður Halldóra Aradóttir (Markaðsstofa Reykjanes).

**1. Breytingar á stjórn**

HS Orka hefur tilnefnt Ásgeir Margeirsson sem aðalmann í stjórn í stað Júlíusar Jónssonar. Stjórn þakkar Júlíusi hans framlag í þágu uppbyggingar Reykjanes jarðvangs.

**2. Staða framkvæmda og merkinga**

Farið yfir stöðu framkvæmda og merkinga áfangastaða sem fyrirhugaðar eru á árinu 2014. Ásgeir vakti athygli á því að mikilvægt væri að hafa í huga hagsmuni hestamanna við uppbyggingu áfangastaða. Stjórnin leggur áherslu á uppbyggingu þjónustu á Reykjanesi til lengri og skemmri tíma. Samþykkt að halda málþing um uppbyggingu ferðamannastaða á Reykjanesi í mars.

**3. Kynning á niðurstöðu úr stefnumótunarvinnu Markaðsstofu Reykjanes**

Puriður kynnti niðurstöðu stefnumótunarvinnu Markaðsstofu Reykjanes sem snýr að Reykjanes jarðvangi.

**4. Framhald á stefnumótunarvinnu fyrir Reykjanes jarðvang**

Rætt um áframhald á stefnumótunarvinnu fyrir Reykjanes jarðvang. Tillaga að stefnumótun verður send á alla aðila jarðvangsins til umsagnar á næstu dögum sem og tillaga að texta í aðalskipulag.

**5. Samstarf jarðvanga á Íslandi**

Eggert sagði frá fyrirhuguðum fundi þriggja íslenskra jarðvanga þann 4. mars nk. þar sem ræða á möguleikann á frekara samstarfi þeirra.

**6. Viðhorfskönnun um gjaldtöku og uppbyggingu á ferðamannastöðum**

Reykjanes jarðvangur og Markaðsstofa Reykjanes stóðu fyrir viðhorfskönnun um gjaldtöku og uppbyggingu á ferðamannastöðum 30. janúar til 13. febrúar sl.

**7. Jarðvangsvika 2014**

Samþykkt að jarðvangsvika í Reykjanes jarðvangi fari fram dagana 2.-8. júní 2014. Drög að dagskrá verða lögð fram á næsta fundi stjórnar.

**8. Samstarfsverkefni norrænna jarðvanga um matarmenningu**

Norrænt samstarfsverkefni sem snýr að matarmenningu innan jarðvanga kynnt.

**9. Styrktarsjóður EBÍ**

Samþykkt að beina því til sveitarfélaganna að sækja um sameiginlega í sjóðinn. Eggert útbýr umsókn og sendir á næstu dögum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:55.

Fundargerð ritaði: ESJ

Berglind Kristinsdóttir  
Sævar Baldursson  
Guðlaugur H. Sigurjónsson

Ásgeir Eiríksson  
Eggert Sólberg Jónsson  
Áseir Margeirsson